REGLUR

um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga.

1. gr.
Gildissvið.

Póst- og fjarskiptastofnunin setur hér með eftirfarandi reglur um númer, númeraraðir og vistföng sem notuð eru í fjarskiptaþjónustu og númer, númeraraðir og vistföng sem notuð eru við samtengingu sjálfstæðra fjarskiptaneta.

2. gr.
Skilgreiningar.

Vísað er til skilgreininga í fjarskiptalögum en auk þess hafa eftirfarandi orð sérstaka merkingu:

Notendanúmer:	Númer sem áskrifendur fjarskiptaþjónustu fá úthlutað hjá rekstrarleyfishafa vegna tengingar við fjarskiptanet þeirra og hægt er að hringja í eða nota til að sækja þjónustu frá rekstrarleyfishöfum.
Símanúmer:	Notendanúmer í almennri talsímaþjónustu, samneti eða farsímaþjónustu.
Forskeyti:	Númer sem notandi verður að velja á undan t.d. landsnúmeri til að fá aðgang að utanlandsþjónustu eða á undan símanúmeri til að fá aðgang að langlínu.
Landsnúmer:	Númer eða kóði 1-, 2- eða 3-stafa sem alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hefur úthlutað í samræmi við tilmæli E.164.
Neyðarnúmer:	Númer sem eingöngu skal nota fyrir tilkynningar um slys og beiðni um neyðarhjálp.
Þjónustunúmer:	3- eða 4-stafa númer sem veita aðgang að sérstakri þjónustu rekstrarleyfishafa sbr. bilanatilkynningar, klukku o.fl.
A-notandi:	Notandi sem efnir til samskipta við annan notanda eða þjónustuveitanda með upphringingu.

3. gr.
Tilgangur.

Samkvæmt 3. gr. fjarskiptalaga skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa umsjón með fjarskiptamálum á Íslandi og hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Meðal verkefna sem lög um Póst- og fjarskiptastofnun kveða á um að hún annist er að setja reglur um úthlutun notendanúmera.

Markmið skipulags um notendanúmer eins og það kemur fram í þessum reglum er að kveða á um úthlutun númera fyrir mismunandi þjónustu og ákveða forgangsröðun. Skipulaginu er í fyrsta lagi ætlað að tryggja rekstrarleyfishöfum sem veita fjarskiptaþjónustu aðgang að númerum fyrir notendur sína og tryggja notendum hverjum fyrir sig númer sem tengist honum einum og gerir öðrum kleift að beina til hans fjarskiptaboðum. Í öðru lagi að númer séu fáanleg fyrir samtengingu neta. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar ekki númerum og númeraröðum til annarra en fengið hafa rekstrarleyfi hjá stofnuninni.

Úthlutun númera og númeraraða felur í sér heimild til afnota, en leiðir ekki til eignaréttar á númerum eða númeraröðum.

Skipan númeramála samkvæmt þessum reglum byggir á tilmælum alþjóðafjarskiptasamtakanna ITU um númer í alþjóðatalsíma og vistföng í gagnaflutningsnetum. Þar er m.a. kveðið á um hámarkslengd númera og um lands- og netnúmer. Þar að auki skulu ýmis forskeyti og þjónustunúmer vera í samræmi við tilskipanir ESB, sem gildi hafa tekið á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í allri fjarskiptaþjónustu sem sækir skipulag númera og vistfanga til tilmæla ITU skal eingöngu nota númer og vistföng sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur úthlutað.

Póst- og fjarskiptastofnun setur fram heildarskipulag á númerum fyrir mismunandi þjónustu og ramma um vistföng í fjarskiptanetum. Rekstrarleyfishöfum ber að veita stofnuninni allar upplýsingar um númer í notkun sem og um möguleika jafnt sem takmarkanir fjarskiptakerfa þeirra að því er varðar notkun númera.

Breytingar á skipulagi, sem fela í sér að hópar notenda verða að breyta um númer skal stofnunin kynna með 2 ára fyrirvara. Póst- og fjarskiptastofnun bætir ekki notendum eða rekstrarleyfishöfum kostnað eða annað fjárhagslegt tjón sem hlýst af númerabreytingum.

4. gr.

Umsóknir.

Rekstrarleyfishafar sem hyggjast úthluta notendum númerum vegna fjarskiptaþjónustu skulu sækja um númeraraðir til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í umsókn skal koma fram eftirfarandi:

Tegund þjónustu
Landssvæði þar sem þjónusta er/verður veitt
Fjöldi notenda í viðkomandi þjónustu
Lengd númeraraðar/raða sem óskað er eftir
Fjöldi notenda sem reiknað er með að bætist við a) á næsta heila ári og
b) á næstu 3 árum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal úthluta rekstrarleyfishöfum númeraröðum eftir þörfum þeirra að svo miklu leyti sem heildarskipulag númera leyfir sbr. 6. gr. Við úthlutun skal miðað við þarfirnar a.m.k. næsta heila árið en til allt að þriggja ára, ef nægjanlegt svigrúm er til þess að mati stofnunarinnar.

Umsóknir um númer fyrir samtengingu neta og aðgang notenda að mismunandi þjónustu skulu sendar Póst- og fjarskiptastofnun. Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi eftir því sem við á:

Tegund þjónustu
Landssvæði þar sem þjónusta verður veitt
Heiti neta sem á að samtengja
Samtengistaður/staðir
Gjaldtökuaðferð fyrir þjónustuna eða samtenginguna

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að auglýsa eftir umsóknum áður en ákvörðun er tekin um úthlutun númera fyrir val á þjónustuveitanda, ef þeir eru fleiri en einn í viðkomandi þjónustu.

5. gr.

Framsal, ábyrgð og nýting.

Ekki er rekstrarleyfishafa heimilt nema að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar að framselja númer eða númeraraðir til annars rekstrarleyfishafa.

Rekstrarleyfishafar eru ábyrgir fyrir réttri notkun númera þ. á m. að númer séu ekki notuð fyrir aðra þjónustu en viðkomandi númeraröð hefur verið úthlutað fyrir og að númer séu ekki notuð á röngu landssvæði. Úthlutuð númer má eingöngu nota í fjarskiptaþjónustu á Íslandi.

Rekstrarleyfishafar sem fengið hafa úthlutað númeraröðum skulu leitast við að nýta þær á sem bestan hátt. Einkum er óheimilt að velja notendum númer á þann hátt að eyður myndist í númeraröð að óþörfu. Komi í ljós að númeraraðir eru vannýttar getur Póst- og fjarskiptastofnun hafnað frekari úthlutun eða dregið fyrri úthlutun til baka að öllu eða einhverju leyti. Rekstrarleyfishafi sem hefur vannýtt númeraröð með því t.d. að skilja eftir eyður í númeraröð að óþörfu á það á hættu að notendur hans einn eða fleiri kunna að sæta númerabreytingu. Rekstrarleyfishafi ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart notanda sínum í slíku tilfelli.

Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað úthlutun númeraraða, ef í ljós kemur að ekki hefur verið fylgt reglum við úthlutun einstakra númera. Sömuleiðis getur stofnunin afturkallað úthlutun að hluta til, ef rekstrarleyfishafi hefur ofmetið þörf sína fyrir númer eða þegar númer eða númeraröð hefur ekki verið tekin í notkun innan tiltekins tíma.

Breytingar á þjónustunúmerum skulu tilkynntar viðkomandi aðilum með minnst 6 mánaða fyrirvara.

6. gr.

Úthlutun.

Rekstrarleyfishöfum í talsíma-, samnets- og farsímaþjónustu skal úthluta frá 1.000 til 10.000 sjö stafa númerum í röðum í skipulaginu.

Rekstrarleyfishöfum talsíma-, samnets- og farsímaþjónustu skal úthluta 4- eða 5-stafa þjónustunúmerum í númeraskipulaginu.

Rekstrarleyfishöfum í utanlandsþjónustu skal úthluta 4- eða 5-stafa forskeytum.

Útlandanúmeri 00, neyðarnúmeri 112 og þriggja stafa númerum er ekki úthlutað sérstaklega en rekstrarleyfishafar geta fengið afnot af þessum númerum til sérstakra þjónustuaðgerða samkvæmt reglum 7. gr.

Umsóknir um númer og númeraraðir skulu að jafnaði afgreiddar í sömu röð og þær berast Póst- og fjarskiptastofnun.

Rekstrarleyfishafar skulu greiða gjald fyrir úthlutuð númer og raðir samkv. gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar.

7. gr.

Skipulag númera í almennri talsímaþjónustu, samneti og farsíma.

Í fjarskiptanetum þar sem veitt er talsíma-, samnets- og farsímaþjónusta skulu gilda 7-stafa símanúmer. Við upphringingar milli símnotenda sama rekstrarleyfishafa og milli símnotenda mismunandi rekstrarleyfishafa skal nota 7-stafa númer. Upphringingar símnotenda í íslenskum fjarskiptanetum til útlanda skulu gerðar með því að velja fyrst útlandaforskeyti 00, síðan landsnúmer og í sumum tilfellum svæðisnúmer og að lokum símanúmer notandans erlendis. Val á utanlandsþjónustu, þegar það er fyrir hendi, skal framkvæmt með því að velja forskeyti fyrir þjónustuaðila áður en símanúmer er valið.

Röðun númera fyrir mismunandi þjónustu og notkun skal vera sem hér segir:

1. Almenn símanúmer skulu vera 7-stafa í röðunum 20-99.
2. Fyrir þjónustu þar sem netið á að framkvæma sérstakar aðgerðir á uppköllum eftir því um hvaða númer er að ræða aðrar en taldar eru í öðrum liðum þessarar greinar skal nota 7-stafa símanúmer sem byrja á 74 og 75.
3. Þegar ekki á að gjaldfæra A-notanda fyrir símtali skal nota 7-stafa númer sem byrja á 80.
4. Fyrir símatorg skal nota 7-stafa númer sem byrja á 901-905.
5. Almenningssjálfsölum, sem tekið er aukagjald fyrir að hringja í, skal gefið 7-stafa númer sem byrja á 909.
6. Sérstök 4-stafa númer sem byrja á 18 eru til ráðstöfunar sem þjónustunúmer þar sem þjónustuveitendur geta veitt upplýsingar tengdar þjónustu sem þeir veita t.d. upplýsingar um símanúmer og klukku.
7. Rekstrarleyfishöfum er úthlutað númerum sem byrja á 19 til notkunar í eigin kerfum, t.d. vegna reksturs símstöðva og prófana. Þessum númerum er ekki úthlutað til notenda.

8. Þriggja stafa þjónustunúmer sem byrja á 11, 14, 15, 16 og 17 og voru í notkun 1. júlí 1997 má nota áfram fyrst um sinn eða þangað til annað verður ákveðið.
9. Póst- og fjarskiptastofnun skal gefa út lista yfir úthlutaðar númeraraðir í samræmi við framangreint.

8. gr.

Númera- og vistfangaskipulag fyrir gagnaflutningsþjónustu.

Gagnaflutningsnet sem taka mið af ITU tilmælum X.121 skulu nota gagnanetfangskóða eða DNIC (Data Network Identification Code) innan þess sviðs sem ITU hefur úthlutað Íslandi.

Gagnaflutningsnet sem falla undir vistfangaskipulag í samræmi við ITU tilmæli X.400/F.401 skulu nota ADMD (Administration Management Domain) vistföng í samræmi við tilmælin.

Póst- og fjarskiptastofnun heldur skrá yfir netföng (DNIC) og vistföng (ADMD) sem rekstrarleyfishöfum hefur verið úthlutað.

9. gr.

Númer fyrir skip.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar skipum og bátum númerum fyrir skipa- og bátastöðvar í sjófjarskiptaþjónustu (Maritime Mobile Service Identities, MMSI). Númerin skulu valin í samræmi við tilmæli ITU E.210. Stofnunin úthlutar einnig notendanúmerum fyrir Inmarsat-þjónustu (Inmarsat Mobile Number, IMN) í samræmi við tilmæli ITU E.215.

10. gr.

Kerfisnúmer og vistföng í fjarskiptanetum.

Samtenging fjarskiptaneta á grundvelli tilmæla ITU og staðla ETSI skal gerð með notkun númera og vistfangaaðferða sem ITU og ETSI hafa skilgreint. Póst- og fjarskiptastofnun annast nánari útfærslu á þessum aðferðum.

Póst- og fjarskiptastofnun annast úthlutun og skráningu á eftirfarandi kóðum:

1. ISPC (International Signalling Point Code) samkvæmt ITU tilmælum Q.708.
2. SPC (Signalling Point Code) fyrir símstöðvar í innlenda símakerfinu. Kerfisnúmer þessara símstöðva skal innihalda 14 bita og ákveður Póst- og fjarskiptastofnun fyrstu 3 bitana. Næstu 8 bita geta rekstrarleyfishafar notað til að aðgreina stöðvar eftir svæðum og 3 síðustu til að greina sundur stöðvar á sama svæði.
   Rekstrarleyfishafar skulu tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun hálfsárslega um SPC, sem eru í notkun
3. MNC (Mobile Network Code) sem er hluti af IMSI (International Mobile Subscriber Identity) samkvæmt ITU tilmælum E.212 og ETSI stöðlum ETS 300 523, 2. útgáfa.
4. IIN (Issuer Identification Number) samkvæmt tilmælum E.118.

Upplýsingar um þessa kóða má fá hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Ef notkun úthlutaðra kerfisnúmera og vistfanga í fjarskiptanetum er hætt, skal tilkynna það Póst- og fjarskiptastofnun innan mánaðar.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 147/1996 og nr. 143/1996 og taka gildi við birtingu. Viðurlög við brotum á reglunum fara eftir ákvæðum laga nr. 143/1996.

Póst- og fjarskiptastofnun, 3. desember 1997.

Gústav Arnar. **Ársæll Baldursson.**